



Ræða
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í hátíðarkvöldverði til heiðurs
forseta Þýskalands
Frank-Walter Steinmeier
og frú Elke Büdenbender
Reykjavík
12. júní 2019

Virðulegi forseti
Frank-Walter Steinmeier og frú Elke Büdenbender,
forseti Alþingis, ráðherrar, heiðruðu gestir

Fyrir hönd okkar Elizu og allra landsmanna býð ég ykkur velkomin til Íslands, ágætu forsetahjón. Við vonum að þið njótið dvalarinnar hér á landi, vonum að hið trausta samband Íslands og Þýskalands eflist og styrkist nú enn frekar.

Byrjum á byrjuninni! Við Íslendingar og Þjóðverjar eigum sameiginlegan menningararf, ævaforna speki um sköpun heimsins og örlög hans. Í Völuspá segir frá heimssýn norrænna og germanskra manna á tímum heiðni. Þar ríkir örlagatrú, að við fáum ekki flúið þau forlög sem skapanornirnar hafa búið okkur. Þar segir frá ógnum og óöld. Og þar ríða Ragnarök yfir.

„Bræður munu berjast, og að bönum verðast,“ segir um fall goða og manna, og jörðin sjálf verður hart leikin. „Sól tér sortna, sígur fold í mar, ... leikur hár hiti við himin sjálfan.“

Síðan tók við annar siður. Í kristnisögu Íslands koma þýskir menn talsvert við sögu, og þýsk lönd sömuleiðis. Þeir landsmenn, sem vildu öðlast sáluhjálp og eilíft líf, héldu í píligrímsgöngur. Af þeim ferðum suður eftir álfunni eru til fróðlegar lýsingar og kannski þykir ykkur gaman til þess að vita að þótt misjöfnum sögum fari af íbúum hvers staðar er því slegið föstu að „á Saxlandi er þjóð kurteisust“.

Af mörgu öðru er að taka í sameiginlegri sögu Þýskalands og Íslands. Kæru hjón, Steinmeier forseti og frú Büdenbender: Mikinn sóma sýnduð þið í dag þeim þýsku konum sem yfirgáfu ættjörð sína skömmu eftir hörmungar seinni heimsstyrjaldarinnar og gerðu Ísland að sínu nýja heimalandi. Ljósmyndasýning Marzena Skubatz um líf þeirra, sem opnuð var hér í Reykjavík, er áhrifamikil. Þar er sögð saga áfalla og ófara, en líka saga seiglu og sigra.

Þrautseigja og von eru haldreipi í hörðum heimi, einnig kímni og sjálfsskop. Fleiri Þjóðverjar héldu hingað til lands á dögum öfga og átaka síðustu aldar, þeirra á meðal tónlistarmenn sem auðguðu samfélag okkar. En eitt verður að viðurkennast: Erfitt gat reynst að kenna Íslendingum aga og listræna fágun. Einn þessara nýju landa okkar bisaði við að æfa sönginn í níundu símfóníu Beethovens þar sem til þess var ætlast að kórinn stæði upp sem einn á tilteknum hljómi. Allt fór í handaskolum og stjórnandanum, Róbert Abraham Ottóssyni, var nóg boðið. „Þetta land ykkar,“ þrugaði hann, „það er blessað land: Enginn her, ekkert stríð, enginn heragi. Hér eru engar járnbrautarlestir sem leggja af stað á sekúndunni, og skipin sigla eftir veðrinu. En þetta þýðir líka að hér er ekki til neitt sem heitir *Präzision!* – Jæja, einu sinni enn, vinir mínir. ...“

Það var nú það. Um síðir tókst víst að fá þennan hóp Íslendinga til að vera samtaka – svona nokkurn veginn. Allt er hægt, og við þurfum að standa saman. Við þurfum að verja frelsi og fjölbreytni í heimi hér. Við þurfum að viðurkenna ólíka hagsmuni og einkenni ríkja og þjóða en verja sameiginleg grunngildi – mannréttindi, réttlæti og jafnrétti.

Góðir áheyrndur: „Bræður munu berjast,“ sagði völvan um yfirvofandi hörmungar – nánast eins og þegar öfgamenn vilja nú etja fólki saman; etja fólki saman vegna trúar, uppruna eða útlits, ala á ótta og tortryggni. Gegn þessum öfgum þurfum við að berjast saman – gegn hatri og illsku í rökræðum okkar eins og þú nefndir réttilega fyrir skemmstu, kæri forseti, þegar þess var minnst að 70 ár voru liðin frá því að stjórnarskrá Sambandslýðveldisins Þýskalands gekk í gildi. Og hver hefur sungið betur um óþarfa angist en hin þýska Nena í „99 Luftballons?“ Þá ollu meinlausar blöðrur skelfingu og lítið lagðist fyrir vesalingana sem skutu þær niður skelkaðir – „Hielten sich für schlaue Leute / Witterten schon fette Beute.“

Kæru vinir: Andspænis hlýnun jarðar af mannavöldum þurfum við einnig að standa saman – og ganga jafnvel saman við jökulrönd eins og við gerum á morgun, ágætu forsetahjón. Hlýnun jarðar veldur aðeins vátta, er aldrei ánægjuefni. „Sígur fold í mar, ... leikur hár hiti við himin sjálfan.“ Aftur má forn boðskapur Völuspár teljast uggvænlegur nú um stundir.

En það er von. Kvæðið var fyrst fest á skinn fyrir nær þúsund árum, hér á Íslandi. Skrásetjarar bættu þá við það og breyttu, drógu úr ofurmætti örlaganna.

Já, það er von með ábyrgð okkar á eigin vilja og gjörðum, von sem er byggð á rökum, raunsæi og athöfnum. Án vonar verður allt svo örðugt.

Gleymum því svo ekki í lokin að huga að okkur sjálfum. Þrátt fyrir allar okkar framfarir – og jafnvel vegna þeirra – líður of mörgum of illa. Of mörg ungmenni finna ekki hamingju, í heimi okkar eldri þjást sífellt fleiri af streitu og stressi. Við tölum um kulnun hér heima, þið Þjóðverjar um „das Burnout“. En er það ekki kjarni málsins, eitt brýnasta verkefni allra í áhrifastöðum, að vinna að vellíðan fólks?

Kæru vinir: Í „Wandrers Nachtlied“, „Kvöldljóði vegfaranda“, orti höfuðskáld Þjóðverja Goethe af einstakri list um sátt hins sæla manns og móður jarðar. Enn man ég ljóðlínurnar frá menntaskólaárunum: „Über allen Gipfeln / ist Ruh.“ Þannig hefst kvæðið sem Helgi Hálfðanarson sneri svo snilldarlega yfir á íslensku:

Tign er yfir tindum
og ró.
Angandi vindum
yfir skóg
andar svo hljótt.
Söngfugl í birkinu blundar.
Sjá, innan stundar
sefur þú rótt.

Ágætu gestir: Með kvöldljóð Goethes og boðskap þess í huga bið ég ykkur að rísa á fætur í fagurri kvöldsólinni hér á Íslandi. Ég bið ykkur að lyfta glösum til heiðurs forseta Þýskalands, Frank-Walter Steinmeier, og frú Elke Büdenbender, og til heilla vináttu þjóða okkar.